

**5. gr.**

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

*Gjört í Reykjavík, 27. desember 1973.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Björn Jónsson.*

**L Ö G**

um breyting á lögum nr. 73 frá 22. maí 1965, um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa, sbr. lög nr. 32 frá 7. apríl 1971, um breyting á þeim lögum.

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

Í stað orðanna „allt að 200 milljónum króna“ í 1. mgr. 1. gr. laganna komi: allt að 300 milljónum króna.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 27. desember 1973.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Lúðvík Jósepsson.*

**L Ö G**

um þörungavinnslu við Breiðafjörð.

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

Ríkisstjórnin skal beita sér fyrir stofnun hlutafélags, er reisi og reki verksmiðju að Reykhólum við Breiðafjörð til vinnslu á þörungum eða efnum úr þörungum.

**2. gr.**

Til samvinnu um stofnun eða starfrækslu hlutafélags samkvæmt 1. gr. skal ríkisstjórninni heimilt að kveðja hvers konar aðila, sem áhuga hafa á málinu, innlenda og erlenda. Þó skal ekki minna en 51% af hlutafé félagsins jafnan vera í eign ríkisins og stjórn þess skipuð fulltrúum ríkisins að meiri hluta.

Íðnaðarráðherra fer með mál, er snerta eignaraðild ríkisins í hlutafélaginu.